

Fundur í Fjallskiladeild Víðdælinga haldinn 30. Mars 2015 kl. 21:20 – almennur fundur

Marianna setti fund og stakk upp á Sigtryggi Sigurvaldasyni sem fundarstjóra og Sigríði Ólafsd. sem fundarritara. Samþykkt af fundi.

1. Skýrsla fjallskilastjórnar og reikningar. Formaður ræddi helstu atriði s.s. tímasetningu gangna, vegabætur liðins sumars sem voru óvenju miklar sökum vatnavaxta í byrjun júlí. Farið í viðgerðir á réttum. Sagt frá viðhaldi skála s.s. stækkun Fosshóls sem var að megni til fjármögnuð með efni frá Miðdegishól ehf. og sjálfboðavinnu. Víglundur í Dæli hefur séð um útleigu skála undanfarin ár en hefur sagt því verkefni lausu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun af hálfu sveitarfélags um hvernig útleigu verður háttað. Júlíus Guðni skýrði frá reikningum. Nefnt að ekki er allur kostnaður gjaldfærður heldur hluti hans færður sem fjallskil. Heildartekjur 2.161.688 kr, heildargjöld 2.114.521 og hagnaður 47.167 kr. Inneign sjóðs 164.186 kr við áramót. Nefndarlaun fjallskilastjórnar hærrí en 2013 sökum fleiri funda á árinu 2014 en 2013. Kostnaður ekki sambærilegur á milli ára þar sem göngur voru styttri árið 2013 en 2014.

Kaffihlé

2. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Sigtryggur kvaddi sér hljóðs og óskaði eftir umræðum um fyrirkomulag gangna árið 2014. Ræddi um fjallskilakostnað. Benti á að 100 hrossum færra var talið fram 2014 en 2013. Þórir Ísólffsson þakkaði fjallskilastjórn fyrir þeirra störf. Lýsti yfir ánægju með að það hafi verið horfið frá fyrri hjólanotkun. Nefndi að í Víðidalnum séu lögð á hjól og þar með verði hjólanotkun minni. Ræddi um að erfiðara gæti orðið að manna göngur eftir því sem þær verða vélvæddari. Nefndi að form reikninga sé óskýrt þar sem mörk á milli fjallskila og kostnaðar eru óljós. Ólafur Benediktsson ræddi tillögu fjallskilastjórnar um að víxla seinni göngum og fyrri heimalandasmölun. Lýsti yfir ánægju með fyrirkomulag gangna 2014. Sigtryggur ræddi um gangnafyrirkomulag. Ekki sé hægt að Víðdælingar fari viku seinna en Vatnsdælingar í seinni göngur en það megi skoða ef vilji er til af beggja hálfu. Gagnrýndi skert framlag af hálfu sveitarfélags til viðhalds skála. Birgir Ingbórsson nefndi að erfitt sé að breyta seinni göngum þar sem svæðið sem um ræðir nær alla leið yfir í Skagafjörð. Júlíus Guðni nefndi að ekki væri búið að ræða seinkun gangna annars staðar og taldi eðlilegt að hugur deildarinnar til málsins yrði kannaður fyrst. Telur ekki óyffirstíganlegt að breyta tímasetningu seinni gangna. Tók undir með Sigtryggi að ekki sé boðlegt að skerða fé til viðhalds skála. Tekur undir með Þóri að fyrirkomulag reikninga sé óskýrt en það sé gert í sparnaðarskyni. Ræddi um hjólanotkun, erfitt yrði að manna göngur á Tungur án hjóla. Ingvar Jóhannsson þakkaði fjallskilastjórn fyrir góð störf. Segist hafa verið fylgjandi því í nokkur ár að flýta fyrri heimalandasmölun þar sem bændur geti þá frekar nýtt sér álagsgreiðslur í sláturhúsi. Þórir Ísólffsson ræddi frekar um reikninga. Áréttar að fólk geri sér grein fyrir hvernig reikningar eru uppsettir. Nefndi að það geti ekki verið flóknara að breyta seinni göngum en fyrri göngum. Ræddi um viðhald skála í bundnu máli: Framtíðin er á Fossins hólí í fólkinu ánægju kliður þar verður hægt að skíta í skjóli og skola svo öllu niður/Þórir Ísólffsson Sigtryggur ræddi um viðhald vega, sem hefur lækkað af hálfu Ríkisins. Nauðsynlegt sé að

vegir séu í það minnsta færir bílum með hestakerru.

Þórir Ísólfsson bað um að heyra frá stjórn hver forgangsröðun verkefna sé.

Júlíus Guðni sagði frá því að ekki hafi verið rætt nánar um forgangsröðun. Undraði sig á því að sveitarstjórn hafi ekki tekið tillit til óska um fjármagn. Gerir ráð fyrir að Mönguhóll verði tekinn fyrir næst ásamt því að ganga þarf frá Fosshól. Nauðsynlegt sé að útbúa áætlun um viðhald skála með sveitarstjórn. Nefndi að frekara viðhalds sé þörf við rétt. Nauðsynlegt sé að grafa upp úr skurði við Hvarfsvísl.

Þórir Ísólfsson nefndi að vandræðalegt sé að vatnssalerni vanti við Fosshól vegna fólksfjölda sem kemur við þar, t.d. í stóðsmölun.

### 3. Önnur mál.

Þórir Ísólfsson kvaddi sér hljóðs og ræddi um úrskurð varðandi þjóðlendumál og telur að þar hafi orðið hrein eignaupptaka. Skorar á sveitarstjórn að áfrýja úrskurði.

Sigtryggur telur að ekki sé hægt að vera sáttur við að stór hluti austurheiðar sé úrskurðaður þjóðlenda.

Birgir Ingþórsson tekur undir orð Þóris. Ræddi um þjóðlendumál í A-Húnavatnssýlu til samanburðar. Telur að úrskurðum austan sýslumarka verði áfrýjað.

Ólafur Óskarsson ræddi um niðurstöðu þjóðlendunefndar. Nefndi fyrirhugaðan fund með lögfræðingi þann 9. Apríl. Taldi að dómafordæmi undanfarinna ára væru erfið. Sagði lauslega frá landamerkjum sem virðast hafa haldið. Dómstólar hafi hengt sig í orðið afrétt, það sem hafi verið skilgreint sem afréttur hafi verið dæmt þjóðlenda. Nefndi að framkoma Ríkisins væri vafasöm í málinu þar sem landamerki hafi áður verið gerð, að frumkvæði stjórnvalda, í kringum 1890. Nefndi að upprekstrarréttindi og veiðiréttindi væri óbreytt, á meðan lögum þar um væri ekki breytt.

Þórir nefndi að ýmis vafamál væru í úrskurði en nauðsynlegt sé að fjallskiladeild álykti um málið.

Lögð fram tillaga að ályktun fundar: „Almennur fundur í fjallskiladeild Víðdælinga, haldinn í Víðihlíð 30. Mars 2015, telur úrskurð óbyggðanefndar um þjóðlendu á Víðidalstunguheiði óásættanlegan og hvetur sveitarstjórn til að standa vörð um eignir sveitarfélagsins með því að áfrýja úrskurðinum.“

Tillaga að ályktun borin fram og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og sleit fundi 23:20.

Sigríður Ólafsdóttir, fundarritari